

Borgarstjórn
19. september 2017

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lengri opnunartíma sundlauga í öllum hverfum

Borgarstjórn samþykkir að fela ÍTR að gera tillögu, við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018, um lengri og samræmdari opnunartíma allra sundlauga með það að markmiði að jafnræðis verði gætt í þjónustu við hverfi borgarinnar.

Greinargerð:

Sundið er sú almenningiþrótt sem flestir stunda og því mikilvægt að hafa opið lengur í öllum sundlaugum borgarinnar en ekki bara sumum.

Á síðasta fundi ÍTR, 6. september sl., var samþykkt tillaga um lengri opnunartíma í vetur í Vesturbæjarsundlaug og Breiðholtslaug. Með þeirri samþykkt verður lengri opnunartími í fjórum sundlaugum borgarinnar því auk fyrrnefndra lauga er auk þess opið lengur í Laugardalslaug og Sundhöllinni.

Ekki gætir jafnræðis milli hverfa hvað þessa þjónustu varðar því ekki stendur til að hafa opið lengur á Kjalarnesi, í Grafarvoginum og Árbænum sem þó eru stór og fjölmenn barnahverfi. Sundlaugarnar í þessum hverfum loka kl. 20:00 á föstudögum og kl. 18:00 um helgar þegar hins vegar verður opið til kl. 22:00 þessa daga í laugum annarra hverfa borgarinnar.

Til að tryggja að íbúar borgarinnar njóti sambærilegrar þjónustu og þeim ekki mismunað eftir því hvar þeir búa er nauðsynlegt að afgreiðslutíminn verði samræmdur og haft verði jafn lengi opið í öllum hverfislaugunum.